



**Fundargerð
Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar**

11.05.2017

216. fundur

sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 11. maí 2017 kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarrson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson. Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Pingeyjarsveitar 2016 – seinni umræða
2. Rekstrarleyfi – Miðhvammur
3. Rekstrarleyfi – Vallakot
4. Rekstrarleyfi – Brúnahlið
5. Ársfundur SÍMEY

1. Ársreikningur Pingeyjarsveitar 2016 – seinni umræða

Ársreikningur Pingeyjarsveitar 2016 lagður fram til síðari umræðu ásamt endurskoðunararkýrslu KPMG.

Ársreikningur Pingeyjarsveitar 2016 samþykktur samhljóða og undirritaður. Ársreikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.

2.Rekstrarleyfi – Miðhvammur

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 3. maí s.l. þar sem Ari Heiðmann Jósavínsson sækir um rekstrarleyfi (bætir við nýju húsi) flokkur II – gististaður án veitinga, í Miðhvammi í Pingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnarefirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

3.Rekstrarleyfi – Vallakot

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 3. maí s.l. þar sem Jóhanna M. Stefánsdóttir sækir um rekstrarleyfi (bætir við nýju húsi) flokkur II – gististaður án veitinga, í Vallakoti í Pingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnarefirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

4.Rekstrarleyfi – Brúnahlið

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 2. maí s.l. þar sem Árni Þorbergsson sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, í Brúnahlið í Pingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnarefirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

5.Ársfundur SÍMEY

Lagt fram fundarboð á ársfund Símennunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) sem haldinn verður þann 15. maí n.k. að Þórsstíg 4 á Akureyri.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Pingeyjarsveitar á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:25



**Íþróttakennari
Náms- og starfsráðgjafi
Afleysing vegna leyfis í eitt ár**

Framhaldsskólinn á Laugum auglýsir eftir íþróttakennara við skólann.

Um er að ræða 100% starf í eitt ár vegna leyfis. Í starfinu felst m.a.

hefðbundin íþróttakennsla, kennsla íþróttafraeði og íþróttagreina á íþróttabraut, umsjón með starfsnámi nema á íþróttabraut sem og afreksíþróttum og umsjón með félagsstörfum í íþróttum. Í núverandi námskipulagi skólans fer hluti vinnunnar fram á milli kl. 16 og 18 mánudaga til fimmtudaga.

Framhaldsskólinn á Laugum auglýsir eftir náms- og starfsráðgjafa við skólann. Um er að ræða 50% starf í eitt ár vegna leyfis. Möguleiki er að auka starfshlutfallið með því að taka að sér önnur verkefni s.s. aðstoð við félagsstörf nemenda. Í starfinu felst m.a. að vera nemendum, forráðamönnum og kennurum til ráðgjafar og aðstoðar við lausn viðfangsefna sem tengjast námi, störfum og félagslegum þáttum skólavistarinnar; stuðningur við nemendur með persónulega eða námslega erfiðleika; samstarf við greiningaraðila, félagsráðgjafa, sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga og lækna; að kynna skólann fyrir grunnskólanemum og samstarf og samskipti við grunnskóla; að vera tengiliður skólans í verkefninu *Heilsuefandi framhaldsskólar*; og brotthvarfsskimun sem og aðrar ýmis konar skimanir, námskeið og kynningar.

Krafa er gerð um sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfileika, frumkvæði, þjónustulipurð, hæfni í samskiptum og tölvukunnáttu. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að takast á við margvísleg verkefni, þróunarvinnu og framsækni á skólastarfi á skemmtilegum vinnustað. Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2017. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir sem greina frá menntun og starfsreynslu skulu sendar fyrir 1. júní 2017 til skólameistara Framhaldsskólans á Laugum sem veitir allar frekari upplýsingar í síma 464-6301. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á sarngrim@laugar.is. Ekki þarf að sækja um á sérstöku eyðublaði. Umsókn þarf að fylgja sakavottorð í samræmi við 4. mgr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Skólameistari
Framhaldsskólans á Laugum
650 Laugar

**Aðalfundur Samtaka atvinnurekenda á
Norðausturlandi**

Aðalfundar samtakanna fyrir árin 2015 og 2016 verður á Fosshótel Húsavík föstudaginn 19. maí nk. kl. 12:00.

Að loknum aðalfundarstörfum mun fulltrúi PCC Bakka Silicon gera grein fyrir sýn fyrtækisins á kaup á vörum og þjónustu og útvistun verkefna.

Boðið er upp á hádegisverð á fundinum.

Félagar eru hvattir til að fjölmenna, blása lífi í samtökin og taka með sér nýja félaga sem sérstaklega eru boðnir velkomnir.

Stjórn SANA

Aðalsafnaðarfundur Þóroddstaðarsóknar

verður haldinn á Þóroddsstað
þriðjudagskvöldið 23. maí kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Formannskosning og kosning um einn mann í kjörnefnd
og einn til vara. Önnur mál.
Sóknarnefnd.



Reykðælingar og annað áhugasamt fólk um umhverfi og útiveru!

Ykkur er boðið í grillveislu (pýlsur með tilheyrandi)
þriðjudagskvöldið 23. maí klukkan 19:30 við
félagsheimilið Breiðumýri.

Áður en við hittumst að Breiðumýri, á milli **18:00 og
19:30**, ætlum við hins vegar að röltu með fram þjóðvegi 1 og víðar og
týna rusl eins og undanfarin vor. Mæting við **Dalakofann** klukkan
18:00.

Fegrum umhverfið, stundum útiveru, etum og gleðjumst saman,
Umhverfisnefnd Umf. Eflingar.

"Um förumenn og flakkara"



Fyrirlestur í Safnahúsinu á Húsavík í tilefni af alþjóðlega
safnadeginum þann 18. maí kl. 20:00.

Dr Sigurgeir Guðjónsson fjallar um aðstæður og ævипætti
nokkurra einstaklinga á Norðurlandi á liðnum
öldum sem fóru aðrar leiðir en allur fjöldinn.
Einnig er varpað ljósi samfélagið á þessum tíma
og viðbrögð sveitastjórna.

Sigurgeir er sjálfstætt starfandi sagnfræðingur í
Akureyrarakademíunni

Allir velkomnir, enginn aðgangseyrir



20. tbl.
17 maí
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386




Brautskráning 2017

Ágætu Þingeyingar og velunnarar skólans
Brautskráning nýstúdentanna fer fram við hátiðlega athöfn í
íþróttahúsinu á Laugum laugardaginn 20. maí kl. 14:00.

Við bjóðum ykkur öll hjartanlega
velkomin að gleðjast með okkur og þiggja
kaffiveitingar að athöfn lokinni í nýjum og glæsilegum matsal skólans.

Skólameistari Framhaldsskólans á Laugum



2017 Sumarferð eldri borgara í Þingeyjarsveit

Dagana 12.13. og 14. júní ætlar FEBÞ að efna til
skemmti- og fræðsluferðar um Húnavatnssýslur.

Áætlaður kostnaður, miðað við 40 þáttakendur, er kr. 45.-50.000.- fyrir
manninn í tveggja manna herbergjum (innif. rúta, gisting með morgun-
og kvöldmat, aðgangseyri að söfnum og leiðsögn). Aukagjald fyrir
einsmanns herbergi kr. 15.000.- **Þáttaka tilkynnist ferðanefnd í
síðasta lagi 20. maí** og staðfestingargjald kr. 25.000.-greiðist inná
reikning félagsins númer: 1110-26-3337 eigi síðar en 25. maí.

Ferðanefnd: Óli í síma 897 3030 oliantons@gmail.com Indriði og
Valgerður í síma 464 3557 og Sæunn í síma 869 5954 eða
evjard@gmail.com